

Ár 2011, fimmtudaginn 3. nóvember kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Ninna Sif Svavarsdóttir og Róbert Hlökkversson. Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir formaður, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

1.1. Umhverfisráðuneytinu frá 20. október 2011.

Í bréfinu er óskað eftir athugasemdum við frumvarpsdrög um mat á umhverfisáhrifum.

Samþykkt að fela skipulags- og byggingafulltrúa að fara yfir frumvarpið með það fyrir augum að hagsmunir Hveragerðisbæjar, þegar kemur að mati á umhverfisáhrifum verði tryggðir.

1.2. Brunabótafélagi Íslands frá 20. október 2011.

Í bréfinu er kynnt að ekki verður greiddur út ágóðahlutur til aðildarsveitarfélaganna vegna ársins 2011.

Lagt fram til kynningar.

1.3. Umhverfisstofnun frá 19. október 2011.

Í bréfinu er óskað eftir að Hveragerðisbær tilnefni fulltrúa sveitarfélagsins í vatnasvæðisnefnd á vatnasvæði 3.

Bæjarráð gerir athugasemdir við þann kostnað sem væntanleg vinna vatnasvæðisnefnda mun hafa í för með sér fyrir sveitarfélög. Athygli vekur að nefndirnar ætla í vinnu sinni að styðjast við fyrirliggjandi gögn um vatn en fæst sveitarfélög hafa til dæmis framkvæmt flokkun vatna sem í flestum tilfellum myndi hafa mikinn kostnað í för með sér. Ljóst er einnig að vinnu jafnfjölmennrar nefndar á jafn víðfeðmu svæði fylgir mikill kostnaður vegna ferða og fundasetu tveggja fulltrúa hvers sveitarfélags.

Í ljósi framangreindra athugasemda vill bæjarráð fara þess á leit við stjórn SASS að hún kanni vilja sveitarfélaga á svæði 3 til þess að sveitarfélögin sameinist um tilnefningar þannig að nefndin verði ekki eins fjölmenn og ella hefði orðið. Að lokum undrast bæjarráð þá staðreynd að vatnasvæðisnefndir skuli ekki starfa eftir sveitarfélagamörkum en það er í hæsta máta undarlegt að sum sveitarfélög skuli tilheyra tveimur vatnasvæðisnefndum.

2. Fjárhagsleg málefni:**2.1. Samningur við nemendur 10. bekkjar í GíH um aðstoð við skólastarf.**

Lagður fram samningur við 10. bekk GíH um aðstoð við skólastarf.

Samningurinn samþykktur.

2.2. Minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa frá 31. október vegna Hamarshallar.

Lagt fram minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa frá 31. október vegna útboðs á undirstöðum, lóðarframkvæmdum o.fl vegna Hamarshallar en áætlað er að útboðsgögn verði tilbúin í lok nóvembermánaðar.

Meirihluti bæjarráðs samþykkir að bjóða verkið allt út í einu lagi í opnu útboði.

Fulltrúi minnihlutans á móti með eftirfarandi bókun.

Undirritaður greiðir atkvæði gegn því að farið verði í útboð vegna fyrirhugaðra framkvæmda við æfingarhús við Grýluvöll. Hér er um kostnaðarsama og óarðbæra fjárfestingu að ræða, sem ber að fresta a.m.k. þar til rofar til í fjármálum bæjarins. Bent er á að bæjarfulltrúar A-listans samþykktu ekki fjárfestingaráætlun ársins 2011 vegna þessara framkvæmda. Auk þess hafa þeir fært margvísleg rök fyrir því, bæði í bókunum og greinarskrifum, að uppblásið æfingarhús inni í Dal er ekki skynsamlegasta aðferðin við nauðsynlega uppbyggingu íþróttamannvirkja í Hveragerði.

Róbert Hlöðversson

Kl. 8:15 var gert fundarhlé.

Kl. 8:25 hélt fundur áfram.

Meirihlutinn lagði fram eftirfarandi bókun.

Meirihlutinn átti ekki von á því að fulltrúi minnihlutans myndi samþykkja tillögu um útboð á Hamarshöllinni enda gáfu fyrri yfirlýsingar ekki tilefni til þess.

Fyrir síðustu kosningar gaf A-listinn loforð um uppbyggingu íþróttamannvirkja á þessu kjörtímabili þannig að ljóst er að ágreiningur nú snýst um útfærslu en ekki framkvæmdina sem slíka. Á því höfum við skilning en undrumst samt ómálefnalegt orðfæri og orðhengilshátt í umræðunni.

Hamarshöllin mun umbylta íþróttastarfi í Hveragerði enda hefur það sýnt sig hvarvetna sem hús af þessari tegund hafa risið.

Unnur Þormóðsdóttir

Ninna Sif Svavarsdóttir

2.3. **Minnisblað frá LEX lögmönnum frá 1. nóvember vegna gatnagerðargjalda.**

Lagt fram minnisblað frá LEX- lögmönnum frá 1. nóvember þar sem farið er yfir stöðu sveitarfélagsins vegna gatnagerðargjalda í Klettahlíð í kjölfar úrskurðar Innanríkisráðuneytisins nr. IRR101215435.

Bæjarráð samþykkir að endurgreiða þeim sem greiddu B gatnagerðargjald á grundvelli samþykka nr. 414/2008 og samþykka nr. 375/2009, þ.e. frá 10. apríl 2008 til dagsins í dag.

3. **Fundargerðir til kynningar:**

- 3.1. **NOS frá 24. október 2011 fundargerðinni vísað til bæjarstjórnar til samþykktar.**
- 3.2. **Stjórnar SASS frá 7. október 2011.**
- 3.3. **Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands frá 17. október 2011**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.
Fleira ekki gert og fundi slitið kl 8:45

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)